

Samstarfssamningur Tröllaborgar og Grunnskólans austan Vatna

Undanfarin ár hefur samstarfið milli GaV og Tröllaborgar verið að þróast og ýmislegt verið reynt með góðum árangri til að gera skrefið á milli skólastiga auðveldara fyrir nemendur. Auk þess er aukið samstarf á milli skólans og leikskólans um val á námsefni. Samstarfið er endurskoðað í upphafi hvers skólaárs.

Markmiðið með samstarfi milli skólastigana er að:

- skapa samfellu í skólagöngu barna frá leikskóla til grunnskóla þannig að markvisst framhald sé á kennslu og námi arnsins á milli skólastiga.
- minnka bilið á milli skólastiga og auðvela börnum að hefja nám á nýju skólastigi.

Leiðir

- Samskipti og samvinna í námi og kennslu
- Samráðsfundir við skólaskipti
- Samráðsfundir að hausti
- Sameiginlegir viðburðir

Ávinningur

- Leikskólabörnin læra að þekkja húsnæði grunnskólans.
- Leikskólabörnin hafa kynnst kennurum grunnskólans.
- Leikskólabörnin hafa kynnst nemendum grunnskólans.
- Þessi samskipti auðvela leikskólabörnum að byrja í grunnskólanum.
- Grunnskólabörnin halda tengingu við kennara og nemendur leikskólans.
- Félagsleg tengsl skapast milli ólíkra aldurshópa.
- Samskipti kennara beggja skólastiga aukast og þar með skilningur á því starfi sem fram fer í hvoru skólastigi fyrir sig.

Samskipti og samvinna í námi og kennslu

Íþróttir

Elsti árgangur nemenda Tröllaborgar á Hofsósi fer með 1. bekk grunnskólans í íþróttir einu sinni í viku. Starfsmaður frá leikskólanum fylgir nemendum í íþróttatíma nema annað sé ákveðið. Íþróttakennari grunnskólans hefur umsjón með kennslunni. Á Hólum fer elsti árgangur nemenda í íþróttir með yngstu nemendum grunnskólans þegar þau eru stödd á Hofsósi í samstarfi við grunnskólann.

Sögustundir

Einu sinni í viku eru sameiginlegar sögustundir hjá elsta árgangi leikskólans á Hofsósi og yngstu árgöngum grunnskólans í umsjón umsjónarkennara yngsta stigs í grunnskólanum. Á Hólum fer elsti árgangur nemenda í sögustund með yngstu nemendum grunnskólans þegar þau eru stödd á Hofsósi í samstarfi við grunnskólann.

Lestrarstundir

Tvisvar í viku koma nemendur af miðstigi inn í leikskólann á Hofsósi og lesa fyrir leikskólabörnin. Deildarstjóri leikskólans á Hofsósi ásamt umsjónarkennara skipuleggja lestrarstundirnar. Á Hólum fer elsti árgangur nemenda í lestrarstundir með nemendum á miðstigi þegar þau eru stödd á Hofsósi í samstarfi við grunnskólann.

Skólaheimsóknir

Elsti árgangur leikskólans tekur þátt í almennu skólastarfi grunnskólans í eina viku að vori, á tímabilinu mars-maí. Þá fá þau kynningu á helstu námsgreinum grunnskólans. Þar að auki tekur elsti árgangur leikskólans þátt í starfi hluta af degi á bolludegi, sprengidegi og öskudegi.

Þemadagar

Elsti árgangur leikskólans tekur þátt í þemadögum á yngsta stigi á vorin.

General prufa

Eldri árgöngum leikskólans á Hofsósi og elsta árgangi leikskólans á Hólum býðst að koma sem áhorfendur á generalprufur hjá yngsta – og miðstigi skv. skóladagatali.

Skilafundir við skólaskipti

Haldinn er skilafundur í upphafi skólaárs þar sem gerð er grein fyrir stöðu hvers nemenda áður en grunnskólagangan hefst. Samkvæmt 16. gr. laga um leikskóla er skylt að láta þær persónuupplýsingar sem fyrir liggja og nauðsynlegar eru fyrir velferð og aðlögun nemandans í grunnskóla, fylgja á milli skólastiga. Verkefnastjóri stoðþjónustu grunnskólans er ábyrgur fyrir því að til fundanna sé boðað. Fundinn sitja deildarstjórar leikskólans, umsjónarkennari og verkefnastjóri stoðþjónustu. Skólastjórar hafa rétt til setu á fundinum.

Fyrir fundinn liggja eftirfarandi gögn:

- Skólabrú milli skólastiga
- Niðurstöður úr Hljóm-2
- Niðurstöður greininga, ef við á
- Aðrir matslistar, ef við á

Skipulagsfundur að hausti

Haldinn er samráðsfundur að hausti þar sem farið er yfir samstarfið og heimsóknir skipulagðar á milli skólastiga. Skólastjórar bera ábyrgð á að boða til skipulagsfunda.

Sameiginlegir viðburðir

Skólarnir eru með ýmsa sameiginlega viðburði s.s. litlu jólin, öskudag og útskrift.

Dagur íslenskrar náttúru- yngsta stig grunnskólans ásamt skólahóp vinna verkefni saman í tilefni af *degi íslenskrar náttúru*.

Dagur íslenskrar tungu- í tilefni af *degi íslenskrar tungu* er haldin íslenskuvika í grunnskólanum. Elsti árgangur leikskólans tekur þátt í íslenskuvikunni.

Litlu jólin – leikskólabörn á Hofsósi og allir nemendur grunnskólans halda sameiginlegt jólaball í Höfðaborg.

Öskudagur – elsti árgangur leikskólans tekur þátt í dagskrá grunnskólans. Á mánudagsmorgninum kemur elsti árgangurinn á Hofsósi inn í söngæfingu fyrir öskudaginn og sömu lög eru æfð á Hólum.

Danssýning – að lokinni danskennslu vetrarins er haldin danssýning þar sem nemendur leik- og grunnskólans sýna dansa sem þeir hafa lært á námskeiðinu.

Sveitaferð - elsti árgangur leikskólans fer með yngsta stigi grunnskólans í sveitaferð að vori (apríl eða maí). Umsjónarkennari og deildarstjórar skipuleggja heimsóknina.

Útskrift og skólaslit – útskrift elsta árgangsins í leikskólanum fer fram á skólaslitum grunnskólans. Umsjónarkennari yngstu nemenda grunnskólans tekur formlega við nýjum nemendum og býður þá velkomna.

Uppfært 27. nóvember 2024